

Fundur Aðalstjórnar Tindastóls 1. 9. 2024 á Teams kl. 20:30

Mættir: Stefán Árnason, Gunnar Traustason, Magnús Barðdal.

1. Beiðni KKD Tindastóls um stuðning við kaup á auglýsingaskiltum.

Stjórn Körfuknattleiksdeildar Tindastóls óskar eftir aðkomu Aðalstjórnar Ungmennafélagsins Tindastóls að kaupum á LED auglýsingaskjáum. Um er að ræða skjái sem hægt er að raða saman á fjölbreyttan hátt, í stóran skjá eða allt að 60metra lengju.

Körfuknattleiksdeildin óskar eftir því að fá skjáina til notkunar á leikjum meistaraflokkanna, en nú í fyrsta skipti í mörg ár spila bæði mfl kk og mfl kvk í efstu deild. Kröfur um umgjörð og utanumhald keppnisleikja verða sífellt meiri og óhætt er að fullyrða að Tindastóll hefur verið í fararbroddi á landsvísu þegar kemur að umgjörð, stemmingu og skemmtun í því viðburðahaldi sem keppnisleikir í körfubolta, og öðrum íþróttum, geta verið. Vörumerkið Tindastóll er verðmætt og margfalt stærra en margra íþróttafélaga sem hafa þó talsvert fleiri iðkendur og þátttakendur, þannig má einnig fullyrða að „yfirráðasvæði“ Tindastóls sé orðið miklu stærra en það sem miðast við póstnúmer 550.

Verð fyrir 60metra langa lengju er með öllu 8,4 milljón krónur. Þetta er stór og mikil fjárfesting sem ein deild ræður illa við, þess vegna óskar stjórn Körfuknattleiksdeildin eftir því að Aðalstjórn Tindastóls taki þátt í að greiða fyrir skjáina að hluta eða öllu leyti.

Skjáina má eins og áður segir púsla saman á marga vegu, þannig er hægt að sníða notkun að aðstæðum hverju sinni. Skjáina má nýta utanhúss og þeir geta því nýst knattspyrnudeildinni, frjáls íþróttadeildinni, skíðadeildinni og sunddeildinni í því keppnis- og viðburðahaldi sem viðkomandi deildir standa fyrir. Einnig má leigja skjáina til annarra félagasamtaka eða íþróttafélaga svo sem hestamannafélaga, í rallykeppnir, fyrir golfmót o.s.frv, bæði innan héraðs og innan Norðurlands vestra. Þá er einnig hægt að nýta skjáina til að sýna frá keppnum og viðburðum eða ýmiss konar menningarstarfi, td. beinar útsendingar frá landsleikjum líkt og það sem tíðkast hefur á Arnarhól, úti-/bílabíó líkt og það sem FNV hefur staðið fyrir, viðburðahald í Sæluvíku og svo mætti lengi telja.

Með einlægri ósk og von um góð viðbrögð
Fyrir hönd stjórnar Körfuknattleiksdeildar Tindastóls
Dagur Þór Baldvinsson, formaður

- a. Aðalstjórn óskar eftir frekari upplýsingu um skjáina og hvernig haldið verður utanum uppsetningu, geymslu o.fl.
- b. Aðalstjórn leggur til að fundað verði með stjórn kkd. Til að afla frekari upplýsinga um málið. Stefán sendir póst á formann.

- 2. Júðó deild Tindastóls hefur tryggt sér húsnæði sem hentar starfseminni vel. Það léttir jafnframt á íþróttarhúsinu sem mikil þörf er á. Aðalstjórn Tindastóls fagnar þessum áfanga sem vonandi styrkir starf deildarinnar.**

3. Beiðni Pawel Jakubowski um aðstoð við að setja á fót box þjálfun fyrir börn á aldrinum 13-14 ára.

Good morning,

My name is Pawel Jakubowski and I have been a boxing coach since 2002. I acquired my skills for 6 years, under the supervision of an Olympic champion. (Jerzy Rybicki - Gold medal Montreal 1976). Currently, since January 2024, I live in Saudarkrokur. I work with Fridrik Jonsson EHF and I conduct individual boxing classes. I wanted to ask if there would be any interest in boxing classes at school? If so, I will write what is needed to get started.

1. Area approximately 200 sq m.
2. Girls and boys 13+ 14+ ?
3. Jump ropes, 2-5 punching bags (not necessarily at once).
4. 2-5 degree heavy ball, 5 degree tennis ball
5. Boxing gloves + hand bandages + jaw protection. Then helmets.

I suggest 2 or 3 training sessions a week to start with. The training lasts 1-1.5 hours. Training starts around 6:00 p.m.

What does boxing give you?

1. Control your emotions!!
2. Concentration
3. Self-confidence
4. Respect and humility.
5. Everyday fight against our greatest enemy. With Myself.

If you need a more serious presentation, I will be happy to prepare it.

- a. **Aðalstjórn tekur jákvætt í erindið og þakkar fyrir beiðnina. Samkvæmt lögum félagsins er eingöngu heimilt að stofna nýjar deildir með ákvörðun Aðalfundur og því getur Aðalstjórn ekki stofnað deild nema fyrir liggi samþykki af Aðalfundi. En til að styðja við verkefnið mun Aðalstjórn hafa samband við Pawel og ráðleggja honum varðandi styrki til að fjármagna startkostnað.**

4. Merkingar utaná íþróttarhúsið – Tindastólsmerki o.fl.

- a. **Magnús setur sig í samband við sveitarfélagið og ræðir möguleika.**

5. Erindi frá sunddeild um verkefnið hringekjan:

Sæl verið þið og takk fyrir síðast 😊

Mig langaði að kasta fram hugmynd að tilraunaverkefni fram að jólum til að byrja með.

Á einhverjum stjórnarfundum síðasta vetur eða vor var einhver sem kom með þá hugmynd að prufa að bjóða iðkendum Tindastóls upp á að skrá sig í áskrift sem líkist hringekjunni í tónlistarskólanum.

Ég man ekki hver nefndi þetta, en mér fannst þetta bara svo frábær hugmynd að ég varð að athuga hvort áhugi væri hjá öðrum deildum varðandi slíkt samstarf.

Þeir iðkendur sem hefðu áhuga á að prufa hinar ýmsu íþróttir án þess að þurfa að skuldbinda sig í heila önn í einu á meðan þau eru að komast að því hvar þeirra áhugi liggur.

Ég persónulega hef gaman að því að geta boðið krökkum upp á eitthvað nýtt og skemmtilegt sem gæti aukið áhuga þeirra á íþróttum sem og öðrum tómstundum, enda eru íþróttirnar svo frábær leið til að auka félagsþroska og heilsu barnanna, og svo gott veganesti út í lífið 😊

Ef einhverjar deildir hefðu áhuga á slíku tilrauna-samstarfi væri það frábært 😊

Bestu kveðjur,

Þóra sundkelling 😊

Flestur iðkendur skrá sig í þær íþróttir sem þeir vita að þeir hafa áhuga á, en það eru alltaf einhverjir sem eru í leit að "sínu" sporti, og þá gæti íþrótt-a-hringekja komið sér vel fyrir þá einstaklinga.

Gætu t.d prufað 2 vikur í einu í hinum ýmsu íþróttum 😊

Nú þegar nýtt tímabil er að hefjast væri einmitt kjörið að bjóða upp á slíkt 😊.

- a. **Aðalstjórn fagnar erindinu og tekur mjög jákvætt í það og án efa gæti verkefni sem þetta verið framfraspör. Aðalstjórn leggur til að hugmyndin verði tekið fyrir á næsta aðalfundi þar sem forsvarmenn annarra deilda fá að koma að framkvæmd o.fl.**

6. Önnur mál

7. Fundi slitið kl. 21:50